

Samningur um annan og þriðja áfanga uppbyggingar Hvaleyrarvallar

3. maí 2018

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, og Golfklúbburinn Keilir, kt. 680169-6919, gera með sér svohljóðandi samning á grundvelli samstarfssamninga Hafnarfjarðarbæjar og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar:

1. gr.

Samningurinn tekur til framkvæmda við breytingar á Hvaleyrarvelli, svokallaða annan og þriðja áfanga, sem fela í sér endurgerð 13. – 18. brautar vallarins í samræmi við endurskipulagðan völl á Hvaleyrinni, samkvæmt skýrslu þar um dagsett í nóvember 2013 (skýrslan er fylgiskjal 1 við samning þennan).

2. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við samstarfssamninga bæjarins og Íþróttabandalagsins og greiðir um 80% af áætluðum framkvæmdakostnaði en Golfklúbburinn Keilir greiðir um 20%.

3. gr.

Hafnarfjarðarbær fellst á fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun án verðbóta dagsett 6. júní 2015 sem gerð er af formanni og framkvæmdastjóra Golfklúbbsins Keilis að upphæð kr. 71,500.000 (uppfærð 1. mars 2018 sjá fylgiskjöl). Hluttur Hafnarfjarðarbæjar verði þannig kr. 57,000.000 og hluttur Golfklúbbsins Keilis kr. um 14,300.000.

4. gr.

Greiðslur Hafnarfjarðarbæjar vegna framkvæmdanna ákvarðast í fjárhagsáætlun hvers árs.

Hafnarfjarðarbær áætlar að greiða sinn hlut með þremur jöfnum greiðslum, fyrst í febrúar árið 2019 og svo í febrúar næstu tvö ár á eftir. Endanleg upphæð hvers árs er þó bundin samþykki bæjarstjórnar hverju sinni.

5. gr.

Verði hraði framkvæmda meiri en fjárveitingar samkvæmt ofanrituðu leyfir er Golfklúbbum Keili heimilt að fjármagna framkvæmdir með lántöku þar til framlög af fjárhagsáætlun koma, enda ber Golfklúbburinn Keilir allan fjármagnskostnað. Tefjist þó greiðslur frá Hafnarfjarðarbæ frá því er getur í grein 4 hér að ofan, mun Hafnarfjarðarbær greiða fjármagnskostnað þar af lútandi.

Lántökur þessar skulu gerðar í fullu samráði við Hafnarfjarðarbæ sem veitir veðheimild í umræddum mannvirkjum.

6. gr.

Golfklúbburinn Keilir mun sjá um allar framkvæmdir samkvæmt fyrirbyggjandi framkvæmdaráætlun dagsett 6. júní 2015. Áætlað er að

framkvæmdum muni ljúka á árinu 2021 en undirbúningsvinna og ákveðnir verkþættir eru þegar hafnir. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að fylgjast með öllum framkvæmdum og kostnaðarliðum og að greiðslur úr bæjarsjóði verði ekki umfram framvindu framkvæmdanna hverju sinni. Til verksins mun Hafnarfjarðarbær skipa sérstakan eftirlitsmann, sem mun sjá um eftirlit með verkinu og veita Golfklúbbsnum Keili tæknilega ráðgjöf.

7. gr.

Öll mannvirki sem munu verða á svæði Golfklúbbsins Keili eru óframseljanleg nema til komi samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og skal þá andvirðið renna til rétthafa, Hafnarfjarðarbæjar og Golfklúbbsins Keilis, í réttu hlutfalli við eign þeirra í mannvirkjum.

8. gr.

Það er skilningur aðila að í framkvæmdir þessar sé ráðist til eflingar golfíþróttarinnar í bænum og að sem flestum gefist þar með kostur á þátttöku án óhóflegrar gjaldtöku. Sérstaklega eru aðilar áhugasamir um að efla áhuga æsku bæjarins á golfíþróttinni og að Golfklúbbsurinn Keilir standi fyrir námskeiðum barna- og unglunga í samvinnu við bæjarfélagið hér eftir sem hingað til.

9. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Hafnarfirði, 20. 5. 2018

F.h. Hafnarfjarðarbæjar:

F.h. Golfklúbbsins Keilis:

**Vottar að réttri dagsetningu,
fjárræði og undirskrift aðila:**

Fylgigögn:

**Kostnaðar- og verkáætlun breytinga á Hvaleyri 2019-2021. Dags. 1. mars
2018**

Minnisblað um uppbyggingu 1. áfanga frá mars 2018